

JÓLA JÓLA

OPIÐ HÚS

Þriðjudaginn 4. desember nk verður síðasta Opna húsið fyrir jól og við ætlum að hafa svolítið jólalegt

Það verður ýmislegt góðgæti á boðstólnum og rithöfundar mæta og lesa úr verkum sínum

**Auður Jónsdóttir les úr bók sinni:
*Ósjálfrátt – Skáldsaga***

**Árni Þórarinnsson les úr bók sinni:
*Ár kattarins***

Opna húsið verður að þessu sinni í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b á venjulegum tíma: 17-19

Félagar mega gjarnan taka með sér gesti

Stjórnin vonar að hún sjái sem flesta



Nýrað

FRÉTTABRÉF

4. tbl. 25. árg. nóvember 2012

Meðal efnis:

JÓLA OPIÐ HÚS
Hvað finnst þér mikilvægast
Lokun skrifstofu yfir jólin
Viltu koma í stjórn?



Félag nýrnasjúkra
Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244
netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: nyra.is

Kæru félagar

Þá hefur skammdegið hellst yfir okkur eina ferðina enn en um leið fyllast bæir landsins af ljósum í öllum regnbogans litum og eftir mánuð fer sólin að hækka á lofti á ný.

Í síðasta fréttabréfi voru félagar boðaðir til fundar um stefnumótun félagsins. Skemmst er frá því að segja að enginn tilkynnti þátttöku og fundurinn féll því niður. Þetta merkir auðvitað ekki að félagar hafi, allir sem einn, engan áhuga á verkefnum félagsins og vilji ekkert um þau segja. Því hefur stjórnin birt áskorun til félaga á heimasíðunni um að senda inn sínar tillögur.

Þegar þessar línur eru skrifaðar eru samtökin **Annað líf** önnum kafin við undirbúning LÍFFÆRAGJAFADAGS laugardaginn 24. nóvember nk. Það er í fyrsta sinn sem slíkur dagur er haldinn á Íslandi. Vonandi verður hann árlega eftir þetta því það er gífurlega mikilvægt að þjóðin ræði um líffæragjafir og styðji þingsályktunartillögu sem liggur fyrir Alþingi um að lögum um brottnám líffæra verði breytt frá ætlaðri neitun í ætlað samþykki. En það er sannarlega ekki nóg að breyta lögum – það þurfa allir að vita um hvað málið snýst og segja JÁ við líffæragjöf.

Formaður var boðaður á fund velferðarnefndar fyrir nokkru ásamt fulltrúum ýmissa annarra félaga og stofnana. Það útskýrðu menn sitt sjónarhorn fyrir nefndarmönnum og það ánægjulega var að allir viðstaddir voru jákvæðir fyrir breytingu laganna í ætlað samþykki, bæði gestir og nefndarmenn. Við skulum því leyfa okkur að vera bjartsýn.

Ég sendi félagsmönnum og öðrum velunnurum innilegar óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár með þökk fyrir árið sem er að líða.

Jórunn Sörensen

Ertu félagsmaður?

**Hvað viltu að Félag nýrnasjúkra setji í forgang?
Sendu tillögu á nyra@nyra.is**

Myndin á forsíðu er tekin á fundi Kvenfélags Garðabæjar þegar Jóna Rún Gunnarsdóttir formaður afhendir Jórunni Sörensen gjafabréf að upphæð 200 þúsund krónur upp í söfnun fyrir ómtæki á skilunardeild.

FYLGSTU MEÐ HEIMASÍÐUNNI!

Lokun skrifstofu yfir jólin

Síðasta OPNA HÚSIÐ fyrir jól er þriðjudaginn 4. desember – sjá nánar á baksíðu. Fyrsta OPNA HÚSIÐ eftir jól er þriðjudaginn 8. janúar 2013 klukkan 17 – 19

Skrifstofan verður lokuð frá og með miðvikudeginum 12. desember en opnar aftur miðvikudaginn 9. janúar klukkan 10:00

Þrátt fyrir lokun skrifstofu verður síminn opinn eins og vanalega og einnig verður tölvupósti sinnt

HVEROGHVEROGVILLOGVERÐUR?!

Samkvæmt lögum félagsins verður aðalfundur í mars. Félagar eru beðnir að íhuga að gefa kost á sér í stjórn félagsins.